

Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefnd
Frá: Smári Karlsson
Dags. 5. maí 2024
Mnr. 2024050020



ÍSAFJARÐARBÆR

Hreinsun opinna svæða

Nokkuð ber á því í sveitarfélaginu og að lausamunir og rusl safnast upp á opnum svæðum, þ.e.a.s utan lóðamarka. Í því sambandi má nefna að fyrir tveimur árum var farið í hreinsunarátak á Suðurtanga áður en uppþæling við Sundabakka hófst og land á Suðurtanga hækkað. Hreinsunarátakið tókst vel og síðasta sumar var stór hluti Suðurtangans orðinn uppgræddur. Aftur er farið að síga á ógæfuhliðina á Suðurtanga er byrjað að safnast upp lausamunir, bílar og rusl.

Reynsla umhverfis- og eignasviðs er að auglýsingar og hvatningar til eigenda þessara hluta dugi upp að ákveðnu marki og ef vel á að vera og ef hreinsun á að takast vel verður alltaf að gera ráð fyrir einhver kostnaður falli á sveitarfélagið vegna vinnu við hirðingu auk förgunarkostnaðar.